

um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. marz.)

Samhljóða þskj. 284 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Sláturfénaði (sauðfé, geitum, svínum, nautgripum og hrossum), sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, kælt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjótsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnu- málaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema í þrjú ár frá gildistöku laga þessara.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, söltunar- og reyk- húsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem hyggst slátra sauðfé eða öðrum fénaði, sbr. 2. gr., í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnuáráðuneytinu umsókn um löggildingu húsa til slátrunar og frystingar og geymslu á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Hver sá, sem hyggst byggja hús til slátrunar og frystingar á sláturafurðum eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum, skal senda atvinnuáráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim, áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu annast héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum undir stjórn yfirdýralæknis. Í reglugerð má setja ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og sláturhússtjóra.

4. gr. hljóðar svo:

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annast, að skýra þeim, sem sláturleyfi hefur, og yfirdýralækni samstundis frá því. Setur yfirdýralæknir umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður um stundarsakir, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Hann tilkynnir þá jafnframt atvinnuáráðuneytinu og aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð, unz úr sé bætt.

Héraðsdýralæknir skal leitast við að framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.

9. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði. Kjötmatsformaður hafi ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna og samræma mat og flokkun á kjöti og innyflum af sláturfénaði, samkvæmt reglugerðum, sem settar eru um þau efni í samræmi við 8. gr. laga þessara, á landinu öllu. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir.

Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa góða þekkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum og mikla reynslu í öllu því, er lýtur að meðferð og mati sláturafurða.

Ráðherra setur yfirkjötmatsmönnum starfsreglur og ákveður umdæmi þeirra og launakjör.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Annar kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.